Mínar síður - Leiðbeiningar

Slóðin er: http://minarsidur.ki.is

Ef kennitala finnst ekki í félagaskrá KÍ eða aðildarfélag viðkomandi er ekki rétt skráð í félagatalinu er nauðsynlegt að senda póst á: felagaskra@ki.is

Þegar komið er inn á mínar síður:

Þegar komið er inn á mínar síður sér félagsmaðurinn endurmenntunarsjóðinn sinn, sjúkrasjóð og orlofssjóð:



Smellt er á flipa þess sjóðs sem skoða á. Flipi orlofssjóðs flytur viðkomandi í bókunarvef sjóðsins.

Undir endurmenntunarsjóði og sjúkrasjóði koma upp þær styrktegundir sem félagsmaður getur sótt um. Þar eru einnig gefnar upplýsingar um viðkomandi styrk og stöðu félagsmanns.

Dæmi um valmynd endurmenntunarsjóðs, viðkomandi er skráður í FG eða SÍ.



Merkja þarf við þá styrktegund sem sækja á um, þá fær félagsmaður upplýsingar um viðkomandi styrk og stöðu sína í viðkomandi sjóði.

Dæmi um valmynd sjúkrasjóðs, hún er eins fyrir alla félagsmenn í KÍ.



Útfylling umsókna.

Þegar merkt hefur verið við styrktegund opnast umsóknargluggi með helstu upplýsingum. Fylla þarf út **alla reiti**. Best er að senda fylgiskjöl með sem viðhengi. Þegar sótt er um þróunar og rannsóknarstyrki **verður** að senda fylgiskjöl í viðhengi þar sem ekki er tekið við þeim eftirá.

Til að nálgast yfirlit yfir eldri umsóknir er farið neðst á síðuna og smellt á **„Yfirlit eldri umsókna“.** Þá koma upplýsingar um umsóknir og stöðu þeirra:

Verkefna og námsstyrkjasjóður

Nr.	Sótt um	Umsókn	Skipti	Upphæð	Staða	Dags. fundar
166647	31.jan.11	Einstaklingsstyrkur	1	11	Í vinnslu	
14492	25.okt.10	Skólaheimsókn/kynnisferð innan Evrópu	1	95.000	Lokið	21.okt.10

Þar má sjá hvað sótt hefur verið um síðustu fjögur ár og stöðu umsóknar:

Lokið: Umsókn hefur verið greidd

Í vinnslu: Umsókn hefur borist en ekki verið afgreidd. (Vantar fylgigögn?) Afgreiðsla tekur 2-3 vikur eftir að öll gögn berast

Fundur:	Umsókn þarf að fara fyrir fund
Dags. fundar:	Dagsetning næsta fundar stjórnar sjóðsins
Hafnað:	Umsókn hefur verið hafnað

Styrkir eru greiddir út að jafnaði þremur vikum eftir að öll gögn hafa borist

Með umsóknum **verða** að fylgja kvittanir. Best er að senda þær í viðhengi en einnig er hægt að senda þær í pósti og þá þarf að fylgja með númer umsóknar sem gefið er upp í svarpóstinum.
Kvittanir skulu bera með sér, eftir því sem við á, auðkenni útgefanda og viðtakanda og aðrar þær upplýsingar sem nauðsynlegar kunna að vera til þess að sannreyna megi þann útlagða kostnað sem sótt er um.

Þó er sú **undantekning** að í A-deild Vísindasjóðs FF/FS sendir félagsmaður skrá yfir þá reikninga/kvittanir sem liggja til grundvallar umsókninni en heldur reikningunum/kvittununum sjálfum eftir.